

1857. 30. apríl. til að óttast fyrir að reglur þær, sem þegar eru gefnar, verði ónógar til að útrýma sýkinni, vill dómsmálastjórnin hafa falið amtmönnunum í sameiningu að semja frumvarp um hinar ítarlegri ráðstafanir, sem þörf er á til að hnekkja sýkinni, og mun þá sérílagi verða að yfirvega, hvort og að hve miklu leyti niðurskurður á hinu sýkta fê skuli eiga sér stað, sem og það atriði, hvernig kostnað þann, er af öllum hér að lútandi ráðstöfunum leiðir, ber að endurgjalda, og skal umgetið frumvarp af konungsfulltrúa leggja fyrir alþingið á komanda sumri, getur það þá, ef alþing fellst á það og sérleg nauðsyn virðist til bera, samkvæmt tillögum alþingis öðlæzt gildi sem bráðabyrgðarlög, unz allrahæst staðfesting konungs getur orðið því útvegð.

Loks verð eg að geta þess, að stjórnarráðið hefir tekið til yfirvegunar, hvort ekki ætti að senda einn eða fleiri dýralækna hêðan, til að lækna sýkina; en þareð yfirvöldin á Íslandi ekki hafa beiðzt þessa, og þareð sýkin nú sem stendur einúngis á sér stað í einstöku hêruðum í suður-umdæminu, en dýralækni þeim, sem þar er, er skipað að taka sér meðhjálpara og gjöra lækningatilraunir, og þar stjórnin, eins og áður er áminnt, ekki hefir vitneskju um þann árángur, sem tilraunir þessar kynni að hafa haft, hefir verið álitíð réttast ekki að gjöra nokkuð í því efni, fyr en menn fá frekari skýrslur og uppástúngur.

9. maí.

11. Brêf dómsmálastjórnarinnar til stiptamannsins og amtmannanna á Íslandi um að rita hafskip þau, sem eiga heima á Íslandi, í skipaskrár.

Þareð skip þau, sem eiga heima á Íslandi, ekki eru rituð í skipaskrá, og þareð þessu ekki heldur að líkindum enn sem stendur verður komið við þar á landi svo vel fari, þá hefir aðaltollstjórnin vakið máls á því og dómsmálastjórnin tekið til yfirvegunar, hvernig hafa mætti tilsjón með því, að ekki sé látið hjá líða að borga gjald það, sem skipað er í 48. gr. tilskipunar 1. maí 1838 að gjalda skuli inn í ríkissjóðinn af skip-

um þeim, sem keypt verða til eignar á Íslandi, annaðhvort í útlöndum eða í stöðum þeim innanríkis, hvar tollur ekki er greiddur, einkum í Altona. 1857.
9. maí.

Til þess nú að geta náð þessum tilgáungi, er álitid nauðsynlegt, að innbúum Íslands sé skipað, ef þeir á annað borð vilja að skip þau, sem hér ræðir um, verði álitin eins og eign danskra þegna og njóti réttinda þeirra, sem dönskum skipum ber, þá að greiða gjald það, sem tilskipun 1. maí 1838 í 48 gr. leggur fyrir, við einhvern tollstað ríkisins, og skal þá um leið rita skipið inn í skipaskrá á þeim stað, eins og líka þykir þurfa að skipa embættismönnum á Íslandi, við árslokin að heimta af öllum skipseigendum, sem búsettir eru í þeirra umdæmum, skýrslu um skip þau, er þeir eiga, án tillits til hvar þau eru, og skal í henni skýrt frá stærð þeirra, mælingarbréfi, kaupbréfi og í hverjum tollstað ríkisins þau eru rituð í skipaskrá. Í skýrslum þessum skal einnig getið skipa 16 lesta og þaðan af minni, sem keypt eru að til fiskiveiða og til ferða hafna á milli á Íslandi, og eru þau, samkvæmt tilskipun 1. maí 1838 gr. 49 staflid c., laus við gjald þetta meðan þau eingaungu eru notuð til þessa; en hlutadeigandi embættismaður skal staðfesta, að þetta sé svo, um leið og hann sendir amtmanni skýrslur þessar, en amtmaður sendi þær síðan hinni íslenzku stjórnardeild. Loks ber embættismönnum þessum að gæta þess, að skýrteini þau um upphæð þessa gjalds, sem um er getið í 2. gr. af opnu bréfi 23. október 1816, sé gefin og tafarlaust send nefndri stjórnardeild þegar skip þessi eru keypt.

Dómsmálastjórnin verður þessvegna að biðja herra stiptamtmanninn (amtmanninn), að skipa bæjarfógetanum í Reykjavík og sýslumönnum í suður-umdæminu (vestur-umdæminu, norður- og austur-umdæmunum) það sem þurfa þykir, samkvæmt því sem hér er sagt.